

## **Fundargerð 5. fundar samstarfsnefndar um sameiningu sveitarfélaganna Ásahrepps, Rangárþings ytra, Rangárþings eystra, Mýrdalshrepps og Skaftárhrepps.**

Fundurinn var haldinn föstudaginn 26. febrúar 2021, kl. 8:30 í fjarfundi gegnum Zoom.

Fundinn sátu:

- Anton Kári Halldórsson, formaður
- Christiane L. Bahner
- Einar Freyr Elínarson
- Þorbjörg Gísladóttir
- Arndís Harðardóttir
- Eva Björk Harðardóttir
- Sandra Brá Jóhannsdóttir
- Ágúst Sigurðsson
- Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
- Ásta Berghildur Ólafsdóttir
- Egill Sigurðsson
- Valtýr Valtýsson

Auk þess sátu fundinn Róbert Ragnarsson, Jón Hrói Finnsson og Gunnar Úlfarsson frá RR-ráðgjöf.

Páll Tómasson, Lilja Einarsdóttir og Hjalti Tómasson boðuðu forföll.

Jón Hrói Finnsson ritaði fundargerð.

### **Dagskrá:**

#### **1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð 4. fundar samstarfsnefndar frá 5. febrúar var borin upp og samþykkt.

#### **2. Stafrænt Suðurland**

Róbert og Anton Kári sögðu frá fundi með fulltrúum Múlaþings um innleiðingu stafrænna starfshátta. Fulltrúar Múlaþings mæltu með að undirbúningur væri hafinn eins fljótt og unnt er að samræmingu skjalavörslu og stafrænna starfshátta.

Lögð fram drög að verkefnislýsingu verkefnis um innleiðingu stafrænna starfshátta á Suðurlandi og þau rædd og uppfærð samkvæmt ábendingum fundarmanna.

Ráðgjöfum og formanni falið að undurbúa umsókn um styrk til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að fjárhæð 25 m.kr. með vísun í stefnu stjórnvalda um eflingu stafrænnar þjónustu.

#### **3. Fundir með þingfloknum**

Rætt um skipulag funda með þingfloknum. Ákveðið að hvert sveitarfélag sendi einn fulltrúa sem fari á fund þingflokka. Lögð verður áhersla á að ná fundum með ráðherrum. Róbert falið að skipuleggja fundina.

#### **4. Næsti fundur samstarfsnefndar**

Næsti fundur nefndarinnar verður haldinn 19. mars kl. 08:30.

Fundargerð borin upp og staðfest.

Fundi slitið kl. 09:30.